

Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur  
Engjavegur 6  
104 Reykjavík

Reykjavík, 19. ágúst 2021  
UST202108-183/I.M.B.  
09.07.01

## **Efni: Umsókn um leyfi fyrir aksturskeppni innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls**

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Bifreiðaíþróttaklúbbs Reykjavíkur, dagsett 18. ágúst 2021, um leyfi til að halda aksturskeppni sem fari um Eysteinsdal/Prestahraun innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls þann 20. ágúst 2021.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. reglugerð nr. 816/2021 um þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Óheimilt er að raska gróðri eða trufla dýralíf í þjóðgarðinum og allt rask á jarðminjum er óheimilt nema með leyfi sbr. 14. gr. reglugerðarinnar. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða eða samkomuhalds.

### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til að hafa akstursleið fyrir aksturskeppni um veg sem liggur um Prestahraun og Eysteinsdal innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls föstudaginn 20. ágúst 2021 kl. 9:20-16:00. Áætlað er að veginum verði lokað á meðan aksturskeppni stendur. Þrír bílar munu framkvæma öryggiseftirlit fyrir keppnina. Keppnisbílar eru 11 sem munu aka leiðina tvisvar sinnum. Ekið verður eftir veginum eftir seinni umferð til kanna ástand vegarins og gert er ráð fyrir að laga skemmdir ef einhverjar verða eftir aksturskeppnina. Tíu starfsmenn koma að verkefninu auk annarra.

### **Áhrifamat:**

Umsókn viðburðarins barst stofnuninni of seint til þess að hægt væri að gera nýtt áhrifamat vegna keppninnar. Hins vegar liggur fyrir áhrifmat um aksturskeppni sömu aðila á sama stað frá 21. ágúst 2018 sem hljóðar þannig:

*„Umhverfisstofnun metur að umrædd aksturskeppni hafi talsverð neikvæð áhrif á gesti þjóðgarðsins, enda háannatími heimsókna þessar vikurnar. Fjöldi gesta sækir Eysteinsdal heim daglega til upplifunar og útivistar. Þá telur stofnunin að ef óhapp verður á ökuleiðinni geti það haft talsverð neikvæð áhrif á náttúru svæðisins. Vegurinn um Eysteinsdal er þröngur með krappar beygjur og hraðakstur ökutækja við slíkar aðstæður gæti endað utan vegar í viðkvæmu hrauni eða gróðri. Stofnunin telur hættu á skemmdum á gróðri og landi skapast við slíka keppni auk hættu á slysum og eldsneytisleka ef ekið er útaf í úfið hraunið. Á umræddri leið eru auk þess hvorki bílastæði né svæði fyrir áhorfendur svo hættu er á spjöllum á gróðri ef áhorfendur safnast saman á landsvæði umhverfis veginn.“*

### **Niðurstaða**

Markmið friðlýsingar þjóðgarðsins Snæfellsjökuls er m.a. að vernda heildstæð náttúruleg tegunda- og vistkerfi, gróðurfar, jarðmyndanir, landslag og menningarminjar sem einkenna

svæðið og að tryggja almenningi aðgang að svæðinu til útivistar og til þess að kynnast náttúru og sögu þess.

Umsókn vegna viðburðarins barst stofnuninni ekki fyrir en í dagslok 18. ágúst sl., en almenn málskraðaviðmið vegna umsókna um viðburði innan friðlýstra svæða er 15 dagar. Stofnunin leitaðist við að taka afstöðu til málsins eins hratt og unnt var en ekki vannst tími til að óska eftir viðbótar upplýsingum og frekari gögnum um viðburðinn frá umsækjanda þ.á.m. viðbragðsáætlun vegna óhappa til að meta hvort hægt væri að beita mótvægisáðgerðum vegna hugsanlegra óhappa. Hins vegar liggur fyrir ástandsmat sem vísað er til hér að framan og afgreiðsla Umhverfisstofnunar, dags. 21. ágúst 2018, á umsókn sama umsækjanda um samskonar aksturskeppni á sama stað. Þeirri umsókn var hafnað á grundvelli framangreinds áhrifamats.

Í ljósi framangreinds synjar Umhverfisstofnun umsókn Bifreiðaíþróttaklúbbs Reykjavíkur um leyfi fyrir akstursíþróttakeppni innan þjóðgarðs Snæfellsjökuls.

***Kæruheimild:***

Ákvörðun þessa er hægt að kæra til umhverfis- og auðlindaráðherra, 2. mgr. 91. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

***Leyfisgjald:***

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um starfsemi er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
*sviðsstjóri*

Jón Björnsson  
*þjóðgarðsvörður*